

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 82/96
frá 13. desember 1996**

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/96 frá 22. nóvember 1996⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/467/EB frá 16. júlí 1996 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir afritunarpappír⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2ej (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/337/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„2ek. 396 D 0467: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/467/EB frá 16. júlí 1996 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir afritunarpappír (Stjtið. EB nr. L 192, 2. 8. 1996, bls. 26).“.

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 192, 2. 8. 1996, bls. 26.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/467/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 13. desember 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner